

**Ed.**

**458. Nefndarálit**

**[154. mál]**

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 1960, um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, en ekki náð samstöðu um afgreiðslu þess. Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en minni hl. n. leggur til, að það verði afgreitt með rökstuddri dagskrá.

Nefndin sendi frv. m. a. til Fiskifélags Íslands og fiskideildar atvinnudeildar háskólans til umsagnar.

Stjórn Fiskifélags Íslands mælir gegn því, að frv. verði samþykkt, þar sem enn hafi ekki fengizt nægjanleg reynsla af dragnótaveiðum í Faxaflóa, til þess að draga megi af þeim ályktanir um frambúðarreglur fyrir þessar veiðar.

Í umsögn fiskideildar atvinnudeildar háskólans segir, að enn liggja ekki fyrir neinar niðurstöður fiskifræðilegs eðlis, er bendi til þess, að um ofveiði sé að ræða á þorski, ýsu og skarkola af völdum dragnótaveiða í Faxaflóa.

Loks má benda á, að leyfi til dragnótaveiða, sem frv. tekur til, er ekki veitt nema til eins árs í senn. Vilji sveitarstjórnir og samtök útvegsmanna, sjómanna og verkamanna í landshlutum, er liggja að veiðisvæðinu, friða veiðisvæðið fyrir dragnótaveiðum, geta þessir aðilar gert það án nokkurra lagabreytinga.

Minni hl. leggur því til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

#### RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að ekki liggja fyrir neinar niðurstöður fiskifræðilegs eðlis, er bendi til ofveiði í Faxaflóa, þykir deildinni ekki ástæða til að svo komnu máli að samþykkja frumvarp þetta og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 25. marz 1963.

Sigurvin Einarsson, Kjartan J. Jóhannsson.  
frsm.